

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1103****2023/EES/68/08****frá 5. júlí 2021**

um viðurkenningu á að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Brasilíu fyrir afleiðuviðskipti sem brasilískar stofnanir ganga til undir eftirliti Seðlabanka Brasilíu jafngildi tilteknum kröfum í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 kveða á um tilhögun sem veitir framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja jafngildisákræðningar þar sem lýst er yfir að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands jafngildi þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 svo að mótaðilar sem stofna til viðskipta innan gildissviðs þeirrar reglugerðar, ef a.m.k. einn mótaðilanna hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, teljist uppfylla þær kröfur með því að fara að kröfum sem settar eru fram í lagareglum þess þriðja lands. Þessi yfirlýsing um jafngildi stuðlar að því að ná meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.e. að draga úr kerfisáhættu og auka gagnsæi afleiðumarkaða með því að tryggja alþjóðlega samræmda beitingu meginreglnanna sem samkomulag er um við þriðju lönd og mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 2) Með ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 (2) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 (3) bæta við, er komið á lagaskilyrðum Sambandsins að því er varðar tímanlega staðfestingu á skilmálum OTC-afleiðusamnings, framkvæmd samþjöppunar á eignasafni og fyrirkomulag afstemmingar á eignasöfnum í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað. Að auki mæla þessi ákvæði fyrir um skyldur um mat og lausn deilumála sem gilda um þessa samninga („aðferðir til að milda rekstraráhættu“) sem og skyldur um skipti á veðtryggingu („tryggingarfé“) milli mótaðila.
- 3) Til að laga-, eftirlits- og framfylgdarreglur þriðja lands geti talist jafngildar reglum Sambandsins að því er varðar aðferðir til mildunar rekstraráhættu og kröfur um tryggingarfé ætti efnisleg niðurstaða gildandi fyrirkomulags laga, eftirlits og framfylgdar að vera jafngild kröfum Sambandsins skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og tryggja verndun þagnarskyldu sem jafngildir þeirri vernd sem kveðið er á um í 83. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur verður að beita jafngildu fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar skilvirkt á sanngjarnan hátt og án röskunar í því þriðja

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 30.6.2022, bls. 22.

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunar skyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 frá 4. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 340, 15.12.2016, bls. 9).

landi. Jafngildismatið felur því í sér sannprófun á því hvort fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands tryggi að OTC-afleiðusamningar, sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað og a.m.k. einn mótaðili með staðfestu í því þriðja landi er aðili að, leiði ekki til aukinnar áhættu fyrir fjármálamarkaði í Sambandinu og valdi af þeim sökum ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

- 4) Þessi ákvörðun byggist ekki einvörðungu á samanburðargreiningu á kröfum um lög, eftirlit og framfylgd í Brasilíu heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stafar af OTC-afleiðusamningum sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 5) Mælt er fyrir um fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar sem gildir um OTC-afleiðusamninga í Brasilíu í lögum sem og í umburðarbréfum, ályktunum og fyrirmælum sem gefin eru út af Brasilíska seðlabankanum (*Banco Central do Brasil, BCB*), Verðbréfa- og kauphallarnefndinni (*Comissão de Valores Mobiliários, CVM*) og Ríkisgjalddeyrirráðinu (*Conselho Monetário Nacional, CMN*). Einkum, í lögum 6.385/76 eru reglur um verðbréfamarkað Brasilíu, fyrirmæli Verðbréfa- og kauphallarnefndarinnar 461/07 gilda um skipulega verðbréfamarkaði sem samanstanda af skipulögðum kauphöllum, skipulegum OTC-markaði og óskipulegum OTC-markaði, í umburðarbréfi Brasilíska seðlabankans 3.082/02 eru sett viðmið fyrir reikningshaldslega meðferð á afleiðum sem eru í eigu fjármálastofnana og annarra stofnana sem Brasilíska seðlabankinn hefur eftirlit með, í ályktun (*Resolução*) Ríkisgjalddeyrirráðsins 3.505/07 eru reglur um OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru í Brasilíu af brasilískum fjármálastofnunum og öðrum stofnunum sem Brasilíska seðlabankinn hefur eftirlit með, með ályktun Ríkisgjalddeyrirráðsins 4.277/13 er komið á kröfum um markaðsvirði og líkansvirði afleiðusamninga sem gerðir eru af fjármálastofnunum og öðrum stofnunum sem Brasilíska seðlabankinn hefur eftirlit með, með fyrirmælum (*Instrução*) Verðbréfa- og kauphallarnefndarinnar 438/06 er komið á kröfum um markaðsvirði fyrir ákveðnar gerðir gagnkvæmra tryggingasjóða, í ályktun 4.662/18 eru settar fram tvíhliða kröfur um tryggingar, ályktun Brasilíska seðlabankans 3.263/05 nær yfir samþjöppun eignasafns, í ályktun Ríkisgjalddeyrirráðsins 4.373/14 er mælt fyrir um kröfur fyrir erlenda fjárfesta sem eiga í OTC-afleiðuviðskiptum í Brasilíu og að lokum gilda lög 4.595/64, 6.385/76, 10.214/01, 12.810/13 um þagnarskyldu, eftirlit og framkvæmd.
- 6) Í ályktun Brasilíska seðlabankans 3.263/05 er hvorki kveðið á um skyldu til að framkvæma samþjöppun eignasafns né ráðleggingar um slíkt. En með henni er fjármálastofnunum og öðrum stofnunum undir eftirliti Brasilíska seðlabankans hins vegar gert kleift að gera samkomulag sem heimilar það. Engin sérstök löggjöf er til varðandi ferli við lausn deilumála. Reglur um lausn deilumála ákvarðast af viðskiptaskránum. Þess vegna geta brasilískar ráðstafanir ekki talist jafngildar kröfum Sambandsins að því er varðar samþjöppun eignasafns og lausn deilumála.
- 7) Sérhver brasilísk stofnun sem á OTC-afleiðuviðskipti verður að tilkynna þau til viðskiptaskrár sem komið er á fót og er eftirlitsskyld í Brasilíu. Samkvæmt lögum 6.385/76 er gildi viðskiptasamninga háð því að þeir séu tilkynntir til viðskiptaskrár. Í samræmi við ályktun Ríkisgjalddeyrirráðsins 4.373/14 þurfa erlendir fjárfestar sem eiga OTC-afleiðuviðskipti í Brasilíu að vera skráðir hjá Verðbréfa- og kauphallarnefndinni og fá lagalega bindandi staðfestingar á viðskiptum sínum. Þar sem báðir aðilar þurfa að tilkynna viðskiptin er engin önnur lagakrafa en reglur viðskiptaskrárinnar um staðfestingu á viðskiptunum, afstemmingu á tvíhliða eignasöfnum eða lausn deilumála. Staðfesting gerist samtímis og er háð tilkynningu. Tilkynna verður um viðskiptin um leið og hægt er og yfirleitt er það gert sama dag og viðskiptin eiga sér stað. Þar sem báðir aðilar tilkynna viðskiptin og viðskiptaskrárnar staðfesta þau samtímis er ekki heldur gerð krafa um að framkvæma afstemmingu eignasafns þar sem skipulagslega séð getur ekki verið misræmi á milli eignasafna mótaðila. Brasilískar ráðstafanir um tímanlega staðfestingu og afstemmingu eignasafns ættu því að teljast jafngilda samsvarandi kröfum Sambandsins.
- 8) Samkvæmt ályktun Ríkisgjalddeyrirráðsins 3.505/07 og ályktun Ríkisgjalddeyrirráðsins 4.277/13 skulu sölubankar, staðbundin útibú erlendra banka, staðbundin dótturfélög erlendra banka og sjóðir og eignastýringaraðilar, sem falla öll undir eftirlit Brasilíska seðlabankans, daglega framkvæma verðmat sem byggist annaðhvort á markaðsvirði eða líkansvirði. Sú skylda gildir ekki um samvinnufélög, váttryggjendur, endurtryggjendur, lífeyrissjóði og önnur fyrirtæki mótaðila sem ekki eru fjármálafyrirtæki en þau eru aðeins skuldbundin til að gera daglegt verðmat þegar þau tilheyra

fjármálasamsteypu sem felur einnig í sér fjöleininga, fyrirtækja-, fjárfestingar- eða gjaldeyrisbanka eða sparisjóð. Brasilísku ráðstafanirnar geta því talist vera jafngildar samsvarandi kröfum Sambandsins að því marki sem þessi ákvörðun takmarkast við viðskipti sem gerð eru við mótaðila undir eftirliti Brasilíska seðlabankans.

- 9) Að teknu tilliti til skyldunnar til þess að tilkynna OTC-afleiðuviðskipti til afleiðuviðskiptaskráa sem eru eftirlitsskyldar í Brasilíu og réttaráhrif af slíkri skyldu, má því íhuga tveggja þrepa nálgun að því er snertir Brasilíu og draga þá ályktun að með tilliti til tímanlegrar staðfestingar og afstemmingar eignasafns geti niðurstaða þeirra krafna sem gilda í Brasilíu talist jafngild niðurstöðu þeirra krafna sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013. Enn fremur eru reglurnar sem gilda í Brasilíu um daglegt mat jafngildar þeim reglum sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013 að því marki sem viðskiptin eru gerð við sölubanka, staðbundin útibú erlendra útibúa, staðbundin dótturfélög erlendra banka, sjóði og eignastýringaraðila, sem og samvinnufélög, váttryggjendur og endurtryggjendur, lífeyrissjóði og önnur fyrirtæki mótaðila sem ekki eru fjármálafyrirtæki en tilheyra fjármálasamsteypu sem felur einnig í sér fjöleininga, viðskipta-, fjárfestingar- eða gjaldeyrisbanka eða sparisjóð. Að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að meirihluti OTC-afleiðuviðskipta yfir landamæri er gerður af mótaðilum sem lúta eftirliti Brasilíska seðlabankans, ætti þessi ákvörðun því að takmarkast við viðskipti sem gerð eru á milli mótaðila sem lúta eftirliti Brasilíska seðlabankans og mótaðila með staðfestu í Sambandinu, sem falla undir samsvarandi kröfur framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 149/2013.
- 10) Að því er varðar tryggingarfé fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila samanstanda lagalega bindandi kröfur Brasilíu af ályktun Ríkisgjalddeyrissráðsins 4.662/18 og umburðarbréfi Brasilíska seðlabankans 3.902/18 (reglur um tryggingarfé í Brasilíu).
- 11) Eins og mælt er fyrir um í reglum um tryggingarfé í Brasilíu eru mótaðilar sem falla undir gildissvið þeirra allar fjármálastofnanir eða aðrar stofnanir sem lúta eftirliti Brasilíska seðlabankans og þar sem meðaltal samanlagðrar grundvallarfjárhæðar samstæðunnar af viðskiptum innan gildissviðs fer yfir 25 milljarða brasilískra ríala. Viðskipti innan gildissviðs reglnanna ná yfir safn OTC-afleiðuviðskipta sem jafngilda því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, að undanskildum hrávöruafleiðum sem gerðar eru upp efnislega en að meðtöldum gullafleiðum sem teljast vera viðskipti innan gildissviðs, en þær falla undir reglur Sambandsins um tryggingarfé en ekki reglur Brasilíu um tryggingarfé, og hlutabréfavalrétti sem falla undir reglur Brasilíu um tryggingarfé en njóta tímabundinnar undanþágu samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251. Að auki, svipað og í gildandi ramma í Sambandinu, eru viðskipti innan samstæðu, framvirkir gjaldeyrissamningar sem gerðir eru upp efnislega og skiptasamningar og viðskipti með gerninga sem skilgreindir eru á svipaðan hátt og sértryggð skuldabréf í Sambandinu, undanþegin því safni viðskipta sem fellur undir gildissvið reglnanna. Hins vegar ætti að taka tillit til þeirra við ákvörðun samanlagðs meðaltals grundvallarfjárhæðar samstæðunnar. Ákvörðun þessi ætti því ekki að gilda um hrávöruafleiður sem eru gerðar efnislega upp, að undanskildum gullafleiðum.
- 12) Mótaðilar innan gildissviðs reglnanna verða að leggja fram og innheimta viðbótartryggingu frá 1. september 2019. Mótaðilar innan gildissviðs reglnanna, með meðaltal grundvallarfjárhæðar viðskipta innan gildissviðs á samstæðugrunni yfir 2 250 milljörðum brasilískra ríala, verða að leggja fram og innheimta upphafstryggingu frá 1. september 2019, en mótaðilar innan gildissviðs reglnanna sem eru undir þeirri viðmiðunarfjárhæð verða að leggja fram og innheimta upphafstryggingu frá 1. september 2020. Ákvörðun þessi skal því takmörkuð við viðskipti á milli mótaðila sem falla undir 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og mótaðila innan gildissviðs sem falla undir kröfuna um að leggja fram og innheimta viðbótar- og upphafstryggingu samkvæmt reglum um tryggingarfé í Brasilíu.
- 13) Reglur um tryggingarfé í Brasilíu gera ráð fyrir samanlagðri lágmarksfjárhæð millifærslu upphafs- og viðbótartrygginga upp á 1,5 milljónir brasilískra ríala, en aftur á móti er viðmiðunarfjárhæðin í 25. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 500 000 evrur. Reglur um tryggingarfé í Brasilíu heimila einnig að upphafstryggingin sé lækkuð um allt að 150 milljónir brasilískra ríala. Mótaðilar innan gildissviðs reglnanna með samanlagða upphæð upphafstryggingar undir þeirri viðmiðunarfjárhæð eru ekki krafðir um upphafstryggingu. Í 29. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 er kveðið á um svipaða tilslökun, þar sem viðmiðunarmörkin eru sett við 50 milljónir evra. Að teknu tilliti til takmarkaðra áhrifa gjaldeyrismismunar ætti að líta á þessar fjárhæðir sem jafngildar.

- 14) Reglur um tryggingarfé í Brasilíu gera ráð fyrir notkun á stöðluðu líkani sem jafngildir því sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/2251, á svipaðan hátt og í stöðluðu aðferðinni fyrir útreikning upphafstryggingar sem sett er fram í áður nefndum viðauka. Hins vegar gera reglur um tryggingarfé í Brasilíu ekki ráð fyrir að eigin líkön eða líkön þriðju aðila séu notuð til að reikna út upphafstrygginguna. Þrátt fyrir að kröfumur í reglum um tryggingarfé í Brasilíu fyrir útreikning á upphafstryggingu séu þess vegna strangari en þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 ættu þær að teljast jafngildar að því er varðar þessa ákvörðun.
- 15) Kröfumur í reglum um tryggingarfé í Brasilíu varðandi hæfar veðtryggingar, mat á þeim og um vörslu og aðgreiningu veðtrygginga eru jafngildar þeim reglum sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251. Reglur um tryggingarfé í Brasilíu fela í sér jafngildan lista yfir hæfar veðtryggingar en krefjast þess ekki að mótaðilar hafi innheimtar veðtryggingar tiltölulega fjölbreyttar, m.a. með því að takmarka verðbréf með lítinn seljanleika til að forðast samþjöppun á veðtryggingum, á svipaðan hátt og í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251. En þar sem þessar samþjöppunarkröfur skv. 8. gr. gilda um mótaðila Sambandsins má draga þá ályktun að við beitingu á reglum um tryggingarfé í Brasilíu leiði veðtryggingarkröfumur til niðurstöðu sem jafngildir niðurstöðu framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251. Reglur um tryggingarfé í Brasilíu fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila ættu því að teljast jafngildar þeim sem kveðið er á um í 3. mgr. 11. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 16) Að því er varðar sambærilega vernd þagnarskyldu í Brasilíu veita lög 4.595 frá 1964, 6.385 frá 1976, 10.214 frá 2001 og 12.810 frá 2013 Brasilíska seðlabankanum og Verðbréfa- og kauphallarnefndinni vald til að biðja um hvers kyns gögn sem varða afleiðuvíðskipti úr víðskiptaskrá. Jafnframt er tiltekið í viðbótarlögum 105 frá 2001 (LC 105) að farið skuli með öll gögn sem trúnaðarmál. Í þessu samhengi, ef annað innlent eða erlent yfirvald vantar gögn úr brasilískum víðskiptaskrá ætti það að senda formlega beiðni til Brasilíska seðlabankans og/eða Verðbréfa- og kauphallarnefndarinnar, sem mun framkvæma greiningu sína, m.a. með tilliti til þeirra takmarkana sem komið er á með LC 105, og þörfin á formlegu samþykki verður greind í hverju tilviki fyrir sig. Samanlagt ætti því að líta svo á að þessi lög veiti sambærilega vernd að því er varðar þagnarskyldu og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 17) Ríkisgjalddeyriráðið er æðsta yfirvaldið í innlendu fjármálakerfi í Brasilíu og ber almennt ábyrgð á mótun peninga- og lánastefnu. Brasilíska seðlabankinn heyrir undir Ríkisgjalddeyriráðið og er ábyrgt fyrir peningamálastefnu, stjórnun gjalddeyrisforða, bankaeftirliti og eftirliti með erlendu fjármagni og lánsfé. Brasilíska seðlabankinn framfylgir varfærnisreglum og virkar einnig sem yfirvald á sviði peningamála og ber sem slíkt ábyrgð á að tryggja kerfislegan stöðugleika. Til að vinna gegn óeðlilegri starfsemi, innleiða fræðsluráðstafanir og takast á við aðstæður sem geta stofnað innlendu fjármálakerfi í hættu getur Brasilíska seðlabankinn beitt stjórnsýsluviðurlögum, samþykkt varúðar- eða bráðabirgðaráðstafanir, gefið út skuldbindingarbréf og lagt á tímabundnar sviptingar eða takmarkanir. Verðbréfa- og kauphallarnefndin heyrir undir Ríkisgjalddeyriráðið og ber ábyrgð á reglusetningu fyrir og eftirliti með fjármagnsmörkuðum, þar með talið útgefendum verðbréfa, kauphöllum og OTC-mörkuðum og þeim stofnunum sem eru hluti af dreifingarkerfi verðbréfa. Verðbréfa- og kauphallarnefndin miðar að því að halda markaðnum skilvirkum og stuðla að þróun og leitast einnig við að vernda fjárfesta og viðhalda sanngjörnum starfsháttum á verðbréfamarkaði með því að framfylgja reglum um upplýsingagjöf og gagnsæi. Þær ráðstafanir sem Brasilíska seðlabankanum og Verðbréfa- og kauphallarnefndinni standa til boða ættu að teljast kveða á um skilvirka beitingu viðkomandi fyrirkomulags laga, reglna og framfylgdar samkvæmt reglum um OTC-afleiður í Brasilíu á sanngjarnan hátt og án röskunar, til að tryggja skilvirkt eftirlit og framfylgd.
- 18) Með þessari ákvörðun er viðurkennt jafngildi bindandi krafna sem settar eru fram í brasilískum lögum varðandi OTC-afleiðusamninga sem eru í gildi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin mun, í samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, fylgjast reglulega með þróun á fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar að því er tekur til þessara OTC-afleiðusamninga og samræmdrar og skilvirkrar framkvæmdar þeirra að því er varðar tímanlega staðfestingu, samþjöppun eignasafns og afstemmingu, mat, lausn deilumála og kröfur um tryggingarfé sem gilda fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila sem þessi ákvörðun hefur verið tekin um. Hluti af vöktunaraðgerðum framkvæmdastjórnarinnar getur verið að fara fram á að Brasilíska seðlabankinn og Verðbréfa- og kauphallarnefndin veiti upplýsingar um þróun á sviði reglusetningar og eftirlits. Framkvæmdastjórnin getur tekist á hendur sértæka endurskoðun, hvenær sem er, ef viðeigandi þróun gerir það nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurmeti jafngildið sem þessi ákvörðun veitir. Slíkt endurmat getur leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun, sem myndi í kjölfarið sjálfkrafa leiða til þess að mótaðilar falli aftur undir allar þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

19) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Brasilíu vegna tímanlegrar staðfestingar, daglegs mats og afstemmingar eignasafns sem er beitt á viðskipti sem heyra undir eftirlit Brasilíska seðlabankans (*Banco Central do Brasil, BCB*) og Verðbréfa- og kauphallarnefndarinnar (*Comissão de Valores Mobiliários, CVM*) með OTC-afleiðum og sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, teljast vera jafngilt samsvarandi kröfum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ef a.m.k. einn af mótaðilum þessara viðskipta er mótaðili innan gildissviðs reglna um tryggingarfé í Brasilíu.

2. gr.

Að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Brasilíu vegna skipta á veðtryggingum sem er beitt á viðskipti sem heyra undir eftirlit Brasilíska seðlabankans og Verðbréfa- og kauphallarnefndarinnar með OTC-afleiðum, að undanskildum hrávörufleiðum sem eru gerðar upp efnislega en að meðtöldum gullafleiðum, og sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, teljast vera jafngilt kröfum í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ef a.m.k. einn af mótaðilum þessara viðskipta er mótaðili sem fellur innan gildissviðs reglna um tryggingarfé í Brasilíu.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
